

**ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. HALDINN MIÐVIKUDAGINN  
1. JÚNÍ 2022 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.**

Ársæll Hafsteinsson stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Þórunn Kristinsdóttir yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Þórunn tók við fundarstjórn og lagði til að Unnar Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bæran að afgreiða dagskrárefni. En til fundarins var boðað með auglýsingu í dagblaði þann 18. maí og samhliða því var fundurinn auglýstur á heimasíðu sjóðsins og fundargögn birt, þá var bréf sent til sjóðfélaga þann 10. maí.

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

**1. Skýrsla stjórnar**

Ársæll Hafsteinsson stjórnarformaður LSBÍ sagði að árið 2021 var lífeyrissjóðnum einkar farsælt. Innlend og erlend hlutabréf og innlend skuldabréf voru þeir eignaflokkar sem skilið hvað bestri ávöxtun á árinu 2021. Ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði náði sér vel á strik eftir mestu lækkun í marsmánuði frá efnahagshruni, og Úrvalsvíitala hlutabréfa hækkaði um 33% á árinu 2021.

Fjárfestingastefna sjóðsins er sem fyrr íhaldssöm og varfærin og hlutfall innlendra skuldabréfa af heildareignum er því hátt. Stýrivextir Seðlabanka Íslands náðu lágmarki í lok ársins 2020 þegar þeir voru 0,75%, en þeir standa nú í 3,75%. Vaxtahækkunarferli er hafið og fyrir liggur að markaðsaðilar vænta þess að stýrivextir Seðlabankans komi til með að hækka enn frekar.

Ávöxtun innlendra verðtryggðra skuldabréfa á árinu 2021 var á bilinu 6% til 7,7% og ávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa frá -2,8% til 0,1%. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að innlent skuldabréfasafn sjóðsins er að megninu til verðtryggt. Vægi innlendra skuldabréfa og varfærin fjárfestingastefna skilaði góðri 8,2% raunávöxtun á árinu 2021. Ef við lítum 10 ár til baka þá hefur ávöxtun sjóðsins verið með miklum ágætum. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðast liðin 5 ár er um 7% og um 5,7% ef litið er til síðustu 10 ára. Þetta er vel yfir þeim 3,5% mörkum sem lífeyrissjóðir miða við í sínum tryggingafræðilegu uppgjörum.

Þá hefur tryggingafræðileg staða sjóðsins síðustu 10 árin einnig verið mjög góð, og sú staða hefur raungerst í hækkuðum lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Árið 2012 jukust réttindi sjóðfélaga um 14%, um 2% á árinu 2015, 10% á árinu 2016 og í fyrra samþykkti ársfundur að auka réttindi sjóðfélaga um 5%. Engin annar lífeyrissjóður getur státað af slíkri þróun á tryggingafræðilegri stöðu og aukningu á lífeyrisréttindum

*Jsk*  
*UJ*

sjóðfélaga. Við lok árs 2021 er tryggingafræðileg staða sjóðsins 14,5%, sem er hæsta jákvæða staða lífeyrissjóðs í landinu, og það í kjölfar 5% aukningu lífeyrisréttinda á síðast liðnu ári. Staðan hvað þetta varðar er því björt. En það verður ekki hjá því komist að nefna neikvæð efnahagsleg áhrif þeirra áfalla sem dunið hafa á okkur og heimsbyggðinni allri undanfarin misseri. Eftir skarpa dýfu í kjölfar Covid hafa markaðir vissulega komið vel til baka, og okkar sjóður hefur sýnt að hann getur staðið af sér slíkar aðstæður. En þegar birta tók eftir Covid tók næsta áfall við, sem er stríðið í Evrópu. Efnahagsleg áhrif þess blikna vissulega í samanburði við þá skelfingu sem fólk í stríðshráðum löndum býr við, en engu að síður ber að nefna hér að áhrif stríðsins í Úkraínu koma við lífeyrissjóðinn okkar líkt og alla aðra fjárfesta. Það sjáum við glöggt á þróun markaða það sem af er ári og áhrifa þess á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Það er því ljóst að það ríkir enn óvissa á mörkuðum sem taka ber tillit til þegar litið er til framtíðar. Mikilvægt er að vanda vel til verka og sýna fyrirhyggju þegar lífeyrir okkar er annars vegar. Með hliðsjón af framangreindu hefur stjórн sjóðsins, að höfðu samráði við varastjórн, ákveðið að leggja til við ársfundinn að samþykkja að lífeyrisréttindi sjóðfélaga verði aukin hóflega, eða um 6% frá janúar 2022.

Hér á eftir mun Hjörleifur Arnar Waagfjörð, forstöðumaður Eignastýringar Arion banka, fara nánar yfir ávöxtun sjóðsins og fjárfestingarstefnu. Þá mun, í fjarveru Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, fjalla um niðurstöður úr tryggingafræðilegi úttekt Bjarna á sjóðnum. Í kjölfarið mun Snædís síðan kynna helstu niðurstöður ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2021.

Á síðasta ári varð sú breyting á aðalstjórн að Jóhannes Yngvason léti af störfum sem stjórnarmaður og ég tók við í hans stað. Stjórн sjóðsins skipuðu því, auk mín sem formanns, Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi og Brynja Þorbjörnsdóttir viðskiptafræðingur og MBA. Breyting varð á varastjórн en hana skipuðu Lára Jóhannsdóttir, Ásta Eyjólfssdóttir og Sigurður Kristjánsson. Í endurskoðunarnefnd sjóðsins sátu Tryggvi E. Geirsson sem formaður, Brynja Þorbjörnsdóttir og Jóhannes Yngvarsson. Ásta Eyjólfssdóttir hefur óskað eftir því að láta af störfum sem varamaður í stjórн og þökkum við henni góð störf í þágu sjóðsins. Á ársfundi nú verður því kosið um eitt sæti í varastjórн til eins árs og hefur sjóðnum borist mjög frambærilegt framboð sem Snædís mun kynna nánar hér á eftir. Ég tel að horfur sjóðsins fyrir yfirstandandi ár séu góðar þrátt fyrir þá fordæmalausu atburði sem við höfum öll staðið frammi fyrir og þá miklu óvissu sem enn ríkir. Staða sjóðsins er sterk og framtíð hans björt.

Ágætu sjóðfélagar. Ég vil þakka góð samskipti við sjóðfélaga frá síðasta ársfundi og enn fremur þakka ég með stjórnendum fyrir ánægjulegt samstarf. Jafnframt þakka ég framkvæmdastjóra sjóðsins,

jsle  
VJ

starfmönnum eignastýringar Arion banka og öllum þeim sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin fyrir samhliða umræðum um ársreikning sjóðsins. Einnig óskaði fundarstjóri eftir því að umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins yrði samhliða yfirferð ársreiknings. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

## 2. Kynning á ársreikningi

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri LSBÍ fór yfir lykilatriði í ársreikningi LSBÍ 2021 sem og yfirferð á breytingu á hreinni eign 2021, þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Iðgjöld lækkuðu um 31,7% frá árinu 2020 til 2021. Lífeyrisgreiðslur jukust um 12%, hreinar fjárfestingartekjur hækkuðu um 48,8%. Rekstrarkostnaður jókst um 1,9%. Breyting á hreinni eign frá 2020 til 2021 hækkaði um 3,7% sem má rekja meðal annars til góðrar ávöxtunar á árinu.

Snædís fór yfir helstu skýringar og kennitölur í ársreikningnum. Farið var yfir: þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna 2011 til 2021 og þróun á hreinni eign til greiðslu lífeyris frá árinu 2010 til 2021. Snædís fór yfir efnahagsreikning 2021 sem og yfirlit yfir sjóðstreymi. Þá var komið að skýringum og kennitölum ársreikningsins. Snædís sýndi yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu LSBÍ síðustu 10 árin, LSBÍ er nú með bestu tryggingafræðilega stöðu af öllum lífeyrissjóðum í landinu. Snædís fór yfir skýringu 3.1, 5.1, 8 og skýringu 8.2. Ávöxtun sjóðsins á árinu 2021 var 8,3% á raun, síðustu 5 árin var ávöxtunin 7% og 10 árin 5,7%.

Snædís fór yfir það hvernig hægt er að finna heimasíðu sjóðsins á fljótan máta, þar vakti hún athygli á upplýsingagjöf á heimasíðunni og skráningu á póstlista.

## 3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir ávöxtun og eignastýringu á árinu 2021. Hann sagði fyrst frá væntingunum sem eignastýring hafði til ársins 2021, fór yfir þróun markaða og helstu niðurstöður ársins. Nafnávöxtun LSBÍ 2021 var 13,5% og raun var 8,3%. Hjörleifur fór yfir ávöxtun niðurbrotin á eignaflokka, innlend skuldabréf gáfu mestan hlut ávöxtunarinnar eða um 6%. Einnig var farið yfir sundurbrot ávöxtunar síðustu 5 og 10 árin. Meðalraunávöxtun sl. 25 ára var 6,5%.

Hjörleifur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins miða við 31. desember 2021 í samanburði við eignasamsetningu 31. desember 2020. Aukning á árinu í eignaflokkum lítil, óveruleg breyting. Helsta breytingin sem gerð var á árinu 2021, í samræmi við áherslur fjárfestingastefnu, sneri að lítillegar aukningu

jske  
S

innlendum hlutabréfa eigna og tilfærslu innan skuldabréfasafni sjóðsins, áherslan á varfærna stefnu er óbreytt. Hjörleifur fór yfir sundurliðun innlendra skuldabréfa og innlendra hlutabréfa. Hjörleifur benti á grein sem birt verður á heimasíðu sjóðsins um óskráðar eignir. Ánægjulegt var að segja frá því að varúðarniðurfærsla sem gerð var á skuldabréfi í Kísliverinu PCC Bakka var unnt að taka til baka að stórum hluta.

Áherslubreyting á milli ára á fjárfestingarstefnu LSBÍ, vægi erlendra fjárfestinga var óbreytt, vægi innlendra skráðra hlutabréfa aukið, vægi innlendra óskráðra fjárfestinga óbreytt. Aukin áhersla á ríkisskuldabréf og skuldabréf sveitarfélaga, vægi fyrirtækjaskuldabréfa og sértryggðra bréfa að minnka á móti. Vikmörk aðlöguð í samræmi við áherslubreytingar. Hjörleifur fór yfir samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingasjóða, þar sást að LSBÍ er með mjög varfærna stefnu, yfir 73% í innlendum skuldabréfum.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram

#### 4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

**Snædís Ögn Flosadóttir** framkvæmdastjóri LSBÍ gerði grein fyrir niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar m.v. 31.12.2021. Snædís fór yfir forsendur og reikniaðferð við matið. Samanburður á eignum lífeyrissjóðs og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris. Skuldbindingar eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga. Vænt niðurstaða metin með tölfraðilegum líkönum. Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, 391/1998. Frávik heimil ef það er talið gefa betri mynd af stöðu viðkomandi sjóðs. Mikilvægustu forsendur eru um vexti og lífslíkur. Lífslíkur skv. reiknigrundvelli Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2020 með spá um áframhaldandi lengingu meðalævi. Hjá LSBÍ hefur slík spá verið notuð frá árinu 2015 er nú orðin hluti af staðalforsendum allra lífeyrissjóða. Örorkulíkur 60% af meðaltali reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 2011-2016 (Frávik frá staðalforsendum). Ávöxtun 3,5% umfram hækkan verðlags. Heildarstaða fer úr +12,2% í +14,0%. Áfallin staða fer úr +12,6% í +14,2%. Verði heildarstaða meira en -5% eða +5% fimm ár í röð eða eitt skipti umfram +/- 10% er sjóðnum skylt að grípa til aðgerða (l.129/1997). Ávöxtun ársins var mjög góð, sem veldur breytingunni sem verður á stöðu á árinu. Staða sjóðsins því utan leyfðra marka. Stjórn sjóðsins er ljúft og skylt að grípa til aðgerða. Lögð verður fram tillaga á ársfundi um 6% aukningu réttinda sem áunnin voru fram til loka 2021.

Fundarstjóri lagði ársreikning LSBÍ 2021 til samþykkis fundarins.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

## 5. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins

### AUÐKENNDAR BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF ÁSAMT SKÝRINGUM

Breytingar þær sem hér eru lagðar fram snúa að 11. gr. samþykktu sjóðsins ásamt breytingu á Viðauka IV er tekur til yfirlits yfir sérstakar breytingar á réttindum sjóðfélaga.

Breytingar á 11. gr. og Viðauka IV eru til þess fallnar að auka áunnin réttindi sjóðfélaga.

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með **rauðu letri og undirstrikun** og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með **rauðu letri og yfirstrikuð**.

#### Breytingar á 11. gr. og Viðauka IV

##### 11. gr. Ellilífeyrir

Þegar kemur að töku ellilífeyris skulu reiknuð áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 2% m.v réttindi í árslok 2014, 10% til viðbótar m.v réttindi í árslok 2015, **og** 5% til viðbótar m.v réttindi í árslok 2020 **og 6%** til viðbótar m.v réttindi í árslok 2021. Þá skulu heildar reiknuð áunnin réttindi við töku ellilífeyris aukin um 14%. Réttindin taka eftir það breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Í viðauka IV er kveðið á um áhrif þessara breytinga á réttindi sjóðfélaga sem byrjað hafa töku ellilífeyris eða látið af störfum áður en ákvarðanir um réttindaaukningu samkvæmt framangreindu tóku gildi.

##### Viðauki IV – yfirlit yfir sérstakar breytingar á réttindum

1. 29. maí 2013; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2013 skulu aukin um 14% miðað við réttindi í árslok 2012 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013. Frá og með þeim degi taka áunnin réttindi breytingum í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímaðuð 2013.

2. 27. maí 2015; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2015 skulu aukin um 2% miðað við réttindi í árslok 2014 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2015. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari

aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímónuð 2015.

3. 25. maí 2016; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2016 skulu aukin um 10% miðað við réttindi í árslok 2015 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2016. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímónuð 2016.

4. 29. júní 2021; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2021 skulu aukin um 5% miðað við réttindi í árslok 2020 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015 og 25. maí 2016.

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir janúarmánuð 2021.

5. 1. júní 2022; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2022 skulu aukin um 6% miðað við réttindi í árslok 2021 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013, 27. maí 2015, 25. maí 2016 og 29. júní 2021.

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir janúarmánuð 2022.

#### Rökstuðningur:

Með breytingu á 11. gr. eru áunnin réttindi sjóðfélagar aukin um 6% til viðbótar við þær aukningar sem áður hafa verið samþykktar. Réttindaaukning þessi kemur til framkvæmda þegar kemur að töku ellilífeyris. Ný grein bætist við Viðauka IV, 5. gr. Þar er kveðið á um það með hvaða hætti 6% réttindaaukning kemur fram hjá þeim sjóðfélögum sem hófu töku ellilífeyris fyrir 1. júlí 2022. Réttindaaukning kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022 en greiðist afturvirkt fyrsta dag næsta mánaðar eftir að staðfesting ráðherra á samþykktarbreytingum liggur fyrir.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir.

Jón  
S)

**Kristján Gunnarsson:** Hver er ástæðan fyrir því að ráðuneytið taki sér 3 til 4 mánuði að fara yfir samþykktarbreytingar sjóðsins ? Snædís sagði frá ferlinu hjá ráðuneytinu. Fyrst sendir ráðuneytið FME samþykktirnar, FME er með tryggingastærðfræðing og lögfræðinga sem fara yfir breytingarnar. FME sendir þær svo aftur til ráðuneytisins og þá fer lögfræðingur ráðuneytisins yfir breytinguna. Á sama tíma er starfsfólk þeirra oft á tíðum í sumarleyfum, þar sem ferlið á upphaf sitt að vori, og ferlið getur því tekið tíma.

**Erla Þorsteinsdóttir:** Hvers vegna var ekki hægt að auka réttindin um 10% ? Snædís svaraði því til að horft væri til þess hvernig árið í ár hafi fari af stað, árið væri vissulega ekki búið og vonum við að það fari vel. Við viljum alls ekki mæta hér á næsta ári með neikvæða stöðu.

*Tillagan um 6% réttinda aukningu var samþykkt samhljóða.*

#### **6. Kjör endurskoðanda**

Stjórn gerði tillögu um að Grant Thornton verði endurskoðandaskrifstofa og Davíð Arnar Einarsson endurskoðandi sjóðsins fyrir næsta starfsár.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

#### **7. Kjör eins varamanns til eins árs**

Ásta Eyjólfsdóttir óskaði eftir því að láta af störfum sem varamaður í stjórn og var henni þakkað kærlega fyrir góð störf í þágu sjóðsins. Nú verður kosið um eitt sæti í varastjórn til eins árs og hefur sjóðnum borist eitt framboð frá Bergrúnu Lilju Sigurjónsdóttur, mannauðs og skrifstofustjóri JIKO Technologies Europe með MBA frá HR og B.sc. í viðskiptafræði frá HA.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

#### **8. Laun stjórnamanna**

Stjórn gerir tillögu um eftirfarandi stjórnarlaun:

Aðalmenn: 150.000 á mánuði

Formaður: 250.000 á mánuði

Varamenn: 60.000 fyrir hvern setinn fund

Endurskoðunarnefnd hækki um 8,4%



Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram

**Tillagan var samþykkt samhljóða.**

**9. Önnur mál.**

Þá var gefið rúm fyrir önnur mál, engar fyrirspurnir komu fram.

Fleira var ekki tekið fyrir þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara.

Þá sagði stjórnarformaður fundi formlega slitið kl. 18:32 og þakkaði fyrir góðan fund, með góðri mætingu og gefandi samveru.

Reykjavík, 1. júní 2022

Þórunn Kristinsdóttir

Þórunn Kristinsdóttir fundarstjóri

Unnur Elín Jónsdóttir

Unnur Elín Jónsdóttir ritari